

# Könnunarskurðir við kirkjuna á Þingvöllum



H.M.Roberts



FS334-06361  
Reykjavík 2006

© Fornleifastofnun Íslands 2006  
Bárugötu 3  
101 Reykjavík  
Sími: 551 1033  
Fax: 551 1047  
Netfang: [fsi@instarch.is](mailto:fsi@instarch.is)  
Heimasíða: [www.instarch.is](http://www.instarch.is)  
Kápumyndin - Einar Sæmundsen

# Könnunarskurðir við kirkjuna á Þingvöllum

Miðvikudaginn 18. október 2006 fór þjóðgarðsvörðurinn á Þingvöllum, Sigurður Oddsson, þess á leit við Fornleifastofnun Íslands að fornleifafræðingar frá stofnuninni yrðu viðstaddir og tækju þátt í að grafa nokkra könnunarskurði við kirkjuna á Þingvöllum.

Tilgangur könnunarskurðanna var að grafast fyrir um hvort undirstöður kirkjunnar væru reistar á berggrunni og athuga stöðugleika þeirra. Grunur leikur á að suðvesturhluti undirstaðanna hafi sigið lítillega. Til athugunar er að endurgera tröppur fyrir framan inngang kirkjunnar og stíg þann er liggur að þeim. Markmið þessara framkvæmda er að tryggja auðveldan aðgang að guðshúsinu.

Fornleifavernd ríkisins brást skjótt við og veitti leyfi til rannsóknarinnar (sjá viðhengi 1). Howell Roberts og Oddgeir Hansson fóru strax um eftirmiðdaginn austur á Þingvöll til að annast verkið.

Þrjár litlir könnunarskurðir voru grafnir með skóflu undir eftirliti fornleifafræðinga; hver skurður var um það bil 50 cm á lengd, 40 cm á breidd og 50 cm á dýpt. Í hverjum skurði, á u.þ.b. 40 cm dýpi, var komið niður fyrir undirstöður núverandi kirkju og var þá grefti hætt. Ljóst var að undirstöður núverandi kirkju voru reistar á eldra mannvirki, óreglulegu grjótlagi eða hleðslu. Þetta lag, eitt eða fleiri, eru samansett af jarðvegi og ótilhöggnu, köntuðu, þéttu basalt grjóti, allt að 40 cm á kant. Mannvirki þetta er að öllum líkindum leifar af undirstöðu eldri kirkju eða kirkna á staðnum. Ekki er að svo stöddu unnt að fullyrða neitt um samhengi þessara mannvistarlaga, tilgang né umfang.

Hver könnunarskurður var hreinsaður, staðsetning hans skráð og hann myndaður. Allir skurðirnir voru grafnir í gegnum raskaðan, appelsínurauðan jarðveg, með hálfrotnuðum tréflísnum og vatnssorfinni möl. Þrátt fyrir að svo litlir könnunarskurðir gefi afar takmarkað svigrúm til greiningar jarðlaga og vegna frostverkana þá virðast skurðirnir grafnir í gegnum blandaða og óreglulega fyllingu skurðar er grafinn hefur verið þegar undirstöður kirkjunnar

voru reistar. Eitt leirkersbrot, tímasett til 18.-19. aldar<sup>1</sup>, fannst undir undirstöðum núverandi kirkju í skurði 1.

Árið 1999 var grafinn rannsóknarskurður norðan við Þingvallakirkju í því augnamiði að kanna fornleifar á staðnum. Í þessum skurði komu í ljós tvær undirstöður úr grjóti rétt norðan við undirstöður núverandi kirkju. Úrdráttur úr skýrslu þessarar rannsóknar er birtur hér að neðan.

Af öllu þessu að dæma er ákaflega líklegt að jarðvegsframkvæmdir í nágrenni Þingvallakirkju munu raska fornleifum á staðnum. Hér er um að ræða kirkjuundirstöður og leifar annarra mannvirkja, ef til vill þingbúða. Þrátt fyrir að núverandi kirkjugarður Þingvalla sé í nokkurri fjarlægð í suðvestur frá kirkjunni þá er og mikil hættu á að jarðvinnsla í nágrenni hennar muni raska eldri gröfum.

Ef nauðsyn krefst jarðvegsframkvæmda við Þingvallakirkju má vænta þess að fornleifarannsókn verði að fara fram samhliða slíkri röskun. Eðli fornleifanna vegna er líklegt að sú rannsókn þyrfti að ná yfir stærra svæði en framkvæmdin sjálf kallar á. Ef til þess kæmi að hylja svæði jarðvegi við ofangreindar framkvæmdir gæti það einnig kallað á frekari fornleifauppgröft.

---

<sup>1</sup> Dr. Gavin Lucas, pers comm.

# Test pits at Þingvellir church

On the 18th of October 2006 staff from Fornleifastofun Íslands were requested to attend and observe the hand excavation of a number of small test pits adjacent to the church at Þingvellir. This request was made by Sigurður Oddson, Chief Warden of the National Park.

The test pits were intended to determine whether or not the current foundations of the church are dug down to bedrock, and to investigate the structural stability of the church. It is thought that some minor subsidence may have occurred in the southwestern corner of the foundation, and proposals are being investigated to reconstruct the steps and paths leading to the church itself. This proposed improvement is intended to improve access to the church for the infirm.

A limited permit was immediately expedited from Fornleifavernd Ríkisins (see Appendix 1), and Howell Roberts and Oddgeir Hansson attended this work on the afternoon of the 18th.

3 small test pits, each measuring circa 50cms in length, 40cms in width, and 50cms in depth were hand excavated with spades, under constant archaeological observation. Excavation of each of the three pits was discontinued when it became apparent that the current foundations cease at a depth of circa 40cms, where they clearly rest upon an early layer of stone rubble. This earlier layer (or layers) are of seemingly randomly arranged loose stone and earth, with individual, unshaped, sub-angular, non-porous basalt pieces measuring up to 40cms in length. They are very likely the remains of one or more set of earlier foundations for a church at this site, although it was not possible to demonstrate any connection between these deposits, nor to comment further upon their purpose or extent at this time.

Each test pit was hand cleaned, their locations were recorded, and photographs were taken. Each of the test pits appeared to be dug through disturbed orange brown andesols, including fragments of semi-decayed wood, and rounded river gravel. Although these layers were very hard to distinguish in these limited areas, and also due to ground frost, they are likely to represent the mixed and irregular back fill of the construction trench for the current

foundations. A single piece of stoneware, likely to date to the 18th-19th centuries<sup>1</sup>, was found beneath the current foundations in Test pit 1.

Archaeology in the vicinity of Þingvellir church has been examined in more detail in the recent past, when an exploratory trench was dug to the north of the church in 1999. This trench revealed the remains of 2 layers of rubble foundation immediately adjacent to the northern foundation of the current church. An extract from this report is appended below.

It seems clear that any ground disturbance in the area surrounding the church at Þingvellir is highly likely to have an impact upon archaeological remains. These include both earlier foundations for the church and the remains of other structures such as booths. There also remains a clear danger that this area contains a number of inhumations, despite the location of an early modern burial ground some distance to the south west of the modern church.

If such disturbance is found to be necessary, it is to be expected that further archaeological work will be required. It may be that archaeological investigation work is deemed necessary over an area larger than the immediate impact of any ground disturbance. Areas subject to burial may also be judged to form part of such a requirement.

---

<sup>1</sup> Dr Gavin Lucas, pers comm.




Figure 1 – Location of test pits, and 1999 excavation trench



Test Pit 1  
Camera direction;  
Vertical/South



Test Pit 2  
Camera direction;  
Vertical/West



Test Pit 3  
Camera direction  
Vertical/East



# Appendix 1

## Excavation permit

Reykjavík 19. október 2006

*Tilvísun: Fvr 2006100016/AS*

### **Efni: Framkvæmdir við kirkjuna á Þingvöllum**

Á fundi sínum 19. október 2006 tók Fornleifavernd ríkisins fyrir umsókn yðar um gröft 2 - 3 skurða við Þingvallakirkju. Fornleifavernd ríkisins samþykkti á fundinum að veita yður, sem umsjónarmanni rannsóknar, umbeðið leyfi til fornleifarannsókna á því svæði, sem þér tilgreinið í umsókn yðar, og með þeim hætti sem þar er lýst.

Ofangreint leyfi er veitt af Fornleifavernd ríkisins í samræmi við þjóðminjalög nr. 107/2001 og lög um flutning menningarverðmæta úr landi og um skil menningarverðmæta til annarra landa nr. 105/2001. Leyfið er bundið af reglum um veitingu leyfa til fornleifarannsókna nr. 390/2006. Rannsóknarleyfið gildir í eitt ár frá útgáfudegi.

Útgefið í Reykjavík, 19. október 2006.

Agnes Stefánsdóttir,  
deildarstjóri

# Appendix 2

Extract from;

“Fornleifarannsókn við Þingvallakirkju”

Orri Vésteinsson

Fornleifastofnun Íslands

FS104-98122

Reykjavík 1999

Pages 20-22

## *Niðurstöður - samantekt*

Niðurstöður fornleifarannsóknar við Þingvallakirkju eru allskýrar og talsvert meiri en búist var við.

Kirkjugrunnur hefur verið reistur uppi á hólnum þar sem kirkjan stendur nú laust eftir 1500. Grafið hefur verið niður á fast og a.m.k. einfalt lag af hraungrýti lagt á klöppina. Þó það sé ekki ótvírætt virðist sem þessi fyrsta kirkja á þessum stað hafi verið úr tré eingöngu, og hefur hún þá annaðhvort verið heldur stærri en núverandi kirkja eða staðið sjónarmun norðar. Fullvíst má telja að þessi grunnur sé af kirkjunni sem Páll Vídalín segir að Alexíus Pálsson hafi byggt í byrjun 16. aldar. Sú kirkja hefur staðið í rúma öld eftir því sem næst verður komist en ný kirkja var byggð á Þingvöllum um 1640. Hún var 5 stafgólf að lengd en hálfu stafgólfi var seinna bætt við hana. Um 1740 var enn byggð ný kirkja og var sú í 6 stafgólfum en í stað hennar var byggð kirkja sumarið 1790 sem var 7,5x3,1 m að stærð. Grjótveggir voru utanmeð norður og suðurveggjum kirknanna sem byggðar voru 1740 og 1790, og sennilega einnig þeirrar sem reist var um 1640. Austurvegg úr grjóti var ekki bætt við fyrr en 1822. Þegar núverandi kirkja var byggð 1859, var hún höfð jafnlöng forvera sínum en mun breiðari eða 5 m.

Grjótveggirnir utanmeð kirkjunum frá 1640, 1740 og 1790 hafa verið reistir ofan á undirstöðunum frá byrjun 16. aldar en mjög lítið er nú eftir af þeim, og hefur mestallt grjótið sennilega verið fjarlægð við byggingu núverandi kirkju 1859. Sárálítið torf hefur verið í þessum veggjum, sennilega aðeins nokkur lög af streng á milli steinaraðanna.

Engar vísbendingar fundust um eldri kirkjubyggingar á hólnum og verður því að vísa á bug hugmynd Matthíasar Þórðarsonar um að þar hafi staðið “Þingmannakirkja” á 11. öld. Eina sem mögulega gæti bent til eldri mannvirkja á þessum stað eru leirkersbrotin frá 12. og 13. öld, en þau gætu einsvel hafa orpist jörðu á víðavangi. Þau eru auk þess ekki vísbending um kirkju heldur minna þau frekar á nálægð bæjarhólsins skammt sunnan við núverandi kirkjustæði.

Gerðar voru tilraunir með viðnámsmælingar í kirkjugarðinum vestan við Þingvallabæ í von um að finna merki um eldri kirkjubyggingar þar. Engin skýr merki fundust en í suðausturhorni garðsins var hátt viðnám á reglulegu svæði, um 7x3 m, sem snýr austur-vestur. Þetta er enganveginn óyggjandi vísbending um staðsetningu eldri Þingvallakirkna og er alls ekki útilokað að hátt viðnám á þessum stað bendi til ójafna í hraunklökkinni undir eða til bygginga frá bænum.

Leifar af þingbúð fundust um 6 m norðan við núverandi kirkju. Það hefur verið allstór bygging, með miklum veggjum úr grjóti með moldarfyllingu. Í henni var ekkert gólflag en stoðarholur sýna að um byggingu er að ræða. Að svo stöddu verður lítið sagt um stærð þessarar búðar, en hún hefur verið meira en 2 m breið, sennilega um 3 m, að innanmáli og gæti hafa verið allt upp í 10 m löng ef marka má af þúfum á yfirborði. Búðin var löngu aflögð þegar kirkjan var byggð laust eftir 1500, en hefur verið byggð eftir 1100 því hún er yngri en lagið sem peningurinn frá 1065-80 fannst í. Miðað við afstöðu við miðaldalagið frá 1226 virðist búðin vera yngri en það, en ekki var hægt að sýna fram á samband milli gjóskunnar og búðarleifanna.

Einna mesta athygli vakti við uppgröftinn að allur jarðvegur í skurðinum, alveg niður á klöpp var hreyfður af mannavöldum. Stór hluti af uppsöfnun jarðvegs á þessum stað er að sönnu af völdum áfoks, en ljóst er að jarðvegurinn ofan á klökkinni hefur verið færður þangað af mönnum. Þegar menn komu að Þingvöllum á 9. eða 10. öld hefur svæðið sem nú er Þingvallatún því aðeins verið lítt gróið hraun eins og enn er allsstaðar í kringum túnið, berar klappir með gróðri í sprungum og skorningum þar sem jarðvegur hafði náð að myndast. Þeir sem fyrstir reistu sér bú á Þingvöllum hafa því orðið að búa sér til tún, með því að færa jarðveg á klappirnar í kringum bæinn og rækta á honum gras.

Þessi niðurstaða varpar nýju ljósi á forsögu Þingvalla. Eins og örnefnið sjálf bendir hún til að þinghald á völlum sé eldra en búskapur þar. Býlið hefur ekki verið stofnað fyrr en eftir að þinghald var orðið fast í sessi og orðið nógu mikilvægt til að það hafi svarað fyrirhöfn að reisa bú á svo rýru landi sem Þingvallahraun er. Fyrsti bóndinn hefur því fyrst og fremst verið að sækjast eftir pólitískum áhrifum með því að reisa bústað á Þingvöllum, og má

vel vera að sú bústofnun hafi verið að undirlagi höfðingja annarsstaðar sem vildu auka ítök sín á þinginu. Ljóst er að þessi túngerð hefur verið hafinn þegar einhver óheppinn þingmaður týndi smápeningi á hólnum um 1100, en hversu löngu á undan er ekki hægt að segja að svo stöddu.

Skýr ummerki um gjóskulög úr Kötlugosum frá um 1500 og 1721 sáust í uppgreftinum og einnig slitrur úr svokölluðu miðaldalagi frá 1226. Landnámslag frá 871±2, Kötlulag frá um 920 og Eldgjárgjóska frá 934 sáust ekki enda hefur jarðvegur ekki verið kominn á klappirnar svo snemma. Þessi gjóskulög öll gefa góða von um að rannsóknir á Þingvöllum í framtíðinni getir orðið árangursríkar.

Varðveisla lífrænna leifa var afar léleg á uppgraftarsvæðinu, sáralítið var um viðarleifar nema í grasrót og **C11** sem er frá 20. öld og beinaleifar voru allar mjög morknar, aðeins hrossatennur náðust upp og voru þær þó í molum. Léleg varðveisla lífrænna leifa rýrir heldur gildi frekari rannsókna á Þingvöllum, en þó má minna á að varðveisluskilyrði í jarðvegi geta verið önnur á bökkum Öxarár en uppi á hraunhólunum og má vel vera að betri varðveisla sé þar sem jarðvegur er blautari.